

## REGLUR

### um breytingu á reglum nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða.

#### 1. gr.

2. málsl. 1. mgr. 10. gr. orðast svo:

Breytingar á gengi gjaldmiðla vegna erlendra eigna skulu færðar undir hvern undirlið.

#### 2. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 35. gr. reglnanna:

a. 5. tölul. fellur niður.

b. Á eftir 1. mgr. bætist við ný málsgrein svohljóðandi:

Í töflu samkvæmt 4. tölul. skal einnig sýna bókfært virði fjáreigna og fjárskulda, sundurliðað eftir útlánnum, kröfum og skuldum á afskrifuðu kostnaðarverði.

#### 3. gr.

Á eftir 52. gr. bætist við ný grein sem verður 52. gr. a, svohljóðandi:

Þrátt fyrir 52. gr. þessara reglna er lífeyrissjóðum heimilt að vinna ársreikninga vegna reikningsskilaársins 2015 í samræmi við reglur nr. 55/2000, með áorðnum breytingum samkvæmt reglum nr. 765/2002 og nr. 1067/2004. Í skýringum lífeyrissjóða sem nýta sér þessa heimild skal tilgreina að heimildin sé nýtt. Að auki skal í skýringum sjóða sem nýta sér heimildina veita upplýsingar um þóknanir og kostnað samkvæmt lið 3.7 *Fjárfestingargjöld* í 10. gr. þessara reglna og samkvæmt ákvæðum 40. og 41. gr. reglnanna.

#### 4. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 5. mgr. 40. gr. laga nr. 129/1997, um skyldu-tryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, og öðlast þegar gildi.

*Fjármálaeftirlitinu, 18. september 2015.*

**Unnur Gunnarsdóttir.**

*Halldóra E. Ólafsdóttir.*